

UM TEXTATEGUNDIR

Text types

Umfjöllunin um textategundir, ásamt öðru efni á vefnum, er hugsuð til að auðvelda kennurum að nálgast markmið aðalnámskrár varðandi ritun og að auðvelda þeim að kynna og leiðbeina nemendum um fjölbreyttar textategundir. Þegar nemendur fá góða kennslu um mismunandi textategundir verða þeir betur færir um að skilja texta (aukinn lesskilningur), skrifa texta (aukin ritunarfærni) og áhugi nemenda á lestri og ritun eykst.

Tilgangur ritunar er margvíslegur og textategundir þar af leiðandi margar og ólíkar. Við skrifum til að segja frá raunverulegum eða skálduðum atburðum, til að miðla upplýsingum, gefa leiðbeiningar og uppfræða svo fátt eitt sé nefnt. Hverjum texta, sem skrifaður er, er ætlað eitthvað hlutverk; upplýsingum er t.d. ætlað að sannfæra lesendur um að kaupa eitthvað, innihaldslýsingar eru settar á vörur til upplýsingar fyrir notendur og svo framvegis. Framsetning textans fer eftir tilganginum og það sama gildir um hvar textinn er birtur (birtingarform). Í sumum tilfellum er texti aðeins skiljanlegur út frá umhverfinu en oftast er það svo að umhverfið auðveldar okkur að skilja texta. Við getum tekið sem dæmi leiðbeiningar á bílaþvottastöð sem væru illskiljanlegar ef þær birtust í búðarglugga og eins myndi slagorð eins og t.d. „Sorpa – fernur eiga framhaldslíf – skilið“ vera illskiljanlegt á bleyjupakka.

Eitt af aðal hlutverkum kennara í ritunarkennslu er að gera nemendum sínum grein fyrir því að öll skrif hafa tilgang. Nemendur þurfa að fá kennslu og æfingu í að nota ritmál á fjölbreyttan hátt, skrifa allskonar texta og hafa þarf í huga að tengja viðfangsefni ritunar við daglegt líf og reynslu. Nemendur eru áhugasamari um ritun þegar þeir skrifa frá eigin brjósti, deila upplýsingum um eitthvað sem þeir eru sérfróðir um, rita leiðbeiningar um uppáhalds tölvuleikinn eða íþróttina sem þeir stunda og þar fram eftir götunum. Þessu tengt er vert að nefna að ólíklegt er að stór hluti nemenda okkar muni verða rithöfundar í framtíðinni en hins vegar verða þeir allir hluti af samfélagi sem krefst ritunarkunnáttu svo þeir geti tekið virkan þátt í því.

Mikilvægt er að gera greinarmun á því að kenna nemendum um mismunandi textategundir eða það að láta nemendur fá verkefni er snúa að mismunandi textategundum. Við viljum að nemendur okkar skilji að textategundir eru ólíkar og ráðast af tilgangi skrifanna og eins skiptir máli fyrir hvern er skrifað og hvar ritunin á að birtast. Þess vegna þarf að kenna sérstaklega hvernig hver textategund er uppbyggð og hvaða eiginleika hún hefur en hvoru tveggja nýtist bæði í kennslu ritunar og til að efla lesskilning. Gagnlegt er að nota nokkur mismunandi sýnidæmi við kennsluna og leyfa nemendum að spreyta sig á að finna sjálfir dæmi um ólíkar textategundir.

Skilgreiningar á textategundum, sem hér er stuðst við, eru unnar með fjölbreyttan tilgang texta-gerðar í huga, sem hefur áhrif á einkenni þeirra. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að sumir textar geta tilheyrt fleiri en einni textategund svo flokkunin er ekki alltaf einföld.

Þegar skilgreiningar á textategundum eru skoðaðar má finna nokkrar mismunandi útfærslur. Flokkarnir þrír sem við kjósum að nota hér eru: **skáldaðir textar**, **upplýsandi textar** og **sannfærandi textar** og hafa verið skilgreindir mikilvægastir fyrir árangur í námi, vinnu og til fullrar og virkrar þátttöku í samfélaginu. Hægt er að greina hvern þessara flokka í undirflokkar og verða kennarar að vegna og meta, eftir aldri og getu nemenda sinna, hversu ýtarlega þeir vilja fara í slíka greiningu.

Nánar má lesa um hverja textategund undir *Textategundir – skáldaðir textar/upplýsandi textar/sannfærandi textar á Læsisvef* en hér fylgir hugarkort sem sýnir grunnflokkunina og dæmi um undirflokkar.

TEXTATEGUNDIR

Upplýsandi textar

Fræðitexti
Útskýringar
Leiðbeiningar
Frásagnir

Textar sem innihalda fróðleik. Megintilgangurinn er að veita upplýsingar.

Sannfærandi textar

Auglýsingar
Kappræður
Rýni
Áróður

Textar þar sem megintilgangurinn er að setja fram sjónarmið og sannfæra aðra.

Skáldaðir textar

Ljóð
Leikrit
Skáldskapur

Textar sem segja sögu. Megintilgangurinn er að skemmta lesendum eða vekja önnur hughrif. Þessir textar eru þekktir fyrir form, stíl og listrænt eða fagurfræðilegt gildi.